

Ein mínúta af gögnum er 100 mínútna vinna: Um aðferðafræði og skráningu gagna í táknmálsrannsóknum

Rannveig Sverrisdóttir

Miðlunarháttur táknmála og raddmála er gerólíkur og gerir það að verkum að ekki er alltaf hægt að beita sömu rannsóknaraðferðum til að leita eftir skyldum málfræðiatríðum. Engin málheild er til fyrir íslenskt táknmál (ÍTM) sem tefur fyrir rannsóknavinnu. Í hvert sinn sem áhugi er á að kanna eitthvað málfræðiatríði ÍTM þarf rannsakandi að byrja á því að velja gögn og skrá þau sem er bæði tímafrekt og flókið.

Ýmis minni verkefni hafa þó lagt sinn skerf til skráningar gagna og er eitt slíkt verkefnið „Setningafræði íslenska táknmálsins“ sem unnið var af táknmálsfræðinemandanum sumarið 2023. Þar var markmiðið að afla nýrrar þekkingar á setningafræði ÍTM og áttu gögnin sem skráð voru að geta nýst jafnt til rannsókna á setningafræði málsins sem og grunnur að kennsluefni. Skráðar voru um 34 mínútur af táknmálgögnum, annars vegar tvö samtöl sem teljast náttúruleg gögn og hins vegar ein frásögn. Málhafar í gögnum eru alls sex og allir hafa þeir ÍTM sem fyrsta mál.

Fyrri rannsóknir benda til þess að kynslóðamunur sé í ÍTM en ekki greinanlegur munur á máli kynja. Frekari félagslegar breyttur hafa ekki verið rannsakaðar að ráði en sökum þess hve málsamfélagið er lítið má færa sönnur á því að oft sé um að ræða einstaklingsmun frekar en mun á máli hópa.

Í þessu erindi verður farið yfir aðferðafræði í táknmálsrannsóknum með skírskotun í verkefni sumarsins og sýnd dæmi um áskoranir er mættu nemandanum. Rætt verður um val á gögnum, textagerðum og þátttakendum, þar á meðal ólík sjónarmið til þess hver telst hæfur til þátttöku í táknmálsrannsóknum og álitamál sem upp koma í rannsóknum af þessu tagi. Þá verður skráning í ELAN forritið skoðuð og gerð grein fyrir þeirri nákvæmni sem er nauðsynleg vegna þess hve sammyndum er algeng í táknmálum. Dæmi verða tekin úr fyrirnefndu verkefni sem sum hver varpa ljósi á muninn á málum af ólíkum miðlunarhætti og rannsóknaraðferðum þeirra.